



Borgarráð

COVID-19 - Sumarleyfi leikskólabarna sumarið 2020

Lagt er til að meðfylgjandi tillaga sem samþykkt var á fundi skóla- og frístundaráðs þann 12. maí sl. um frávik frá reglu um að hvert leikskólabarn taki 20 virka daga í sumarleyfi sumarið 2020 vegna Covid-19, verði samþykkt. Heildarkostnaður við tillöguna er áætlaður 90 til 100 m.kr. Fjármála- og áhættustýringarsviði verði falið að útfæra viðauka við fjárhagsáætlun 2020 í samræmi við tillöguna til framlagningar í borgarráði.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Tillaga um frávik frá reglu um að hvert leikskólabarn taki 20 virka daga í sumarleyfi árið 2020, dags.12. maí 2020.

Jafnréttisskimun, dags. 8. maí 2020.

Umsóknareyðublað.



Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð

Efni: Tillaga um frávik frá reglu um að hvert leikskólabarn taki 20 virka daga í sumarleyfi sumarið 2020

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 12. maí 2020 var lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna.

Lagt er til að sumarið 2020 verði heimilt að víkja frá reglum um leikskólaþjónustu um að barn verði að vera að lágmarki í tuttugu virka daga í sumarleyfi. Foreldrum/forsjáraðilum barna, í leikskólum Reykjavíkurborgar, sem vegna skerðingar á leikskólaþjónustu í samkomubanni vegna Covid-19 á tímabilinu 16. mars til 30. apríl, þurftu að ganga á orlofsdaga sína og eiga af þeim sökum innan við 20 daga í sumarorlof gefist kostur á að sækja um fækkun sumarleyfisdaga leikskólabarns. Á sama tíma geti þeir sótt um dvöl í hverfisleikskóla sem ákveðið hefur verið að hafa opinn í sumar. Hvert barn verður þó að fá að lágmarki 10 daga sumarleyfi á þeim tíma sem heimaleikskóli þess lokar vegna sumarleyfa. Framangreint gildir eingöngu fyrir sumarið 2020.

Skilyrði fyrir fækkun sumarleyfisdaga verði eftirfarandi:

- Foreldrar sækja um fækkun sumarleyfisdaga fyrir 25. maí 2020.
- Hvert barn þarf að lágmarki að fá 10 samfellda sumarleyfisdaga á sumarorlofstíma heimaleikskóla.
- Foreldrar geta sótt um 5-10 daga tilslökun á sumarleyfi barna í samræmi við töku orlofs þeirra á tímabilinu 16. mars til 30. apríl 2020.
- Við afgreiðslu umsókna verði horft til samanlagðrar orlofsstöðu foreldra/forsjáraðila barns og upplýsinga leikskóla um skerðingu á þjónustu. Ef foreldri fer eitt með forsjá á framangreint eingöngu við um forsjárforeldri.
- Sé umsókn samþykkt fær barnið dvöl í opnum hverfisleikskóla á þeim tíma sem heimaleikskóli barns lokar. Dvöl í opna leikskólanum þarf að lágmarki að vera 5 samfelldir dagar.
- Greiða þarf aukalega, samkvæmt gjaldskrá borgarinnar, fyrir þann tíma sem barn er í opnum hverfisleikskóla.

Greinargerð fylgdi.


Tillagan var samþykkt og vísað til borgarráðs.

Tillöggunni er hér með vísað til borgarráðs.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata lögðu fram svohljóðandi bókun:

Síðustu vikur og mánuðir hafa verið mjög óvenjulegir í skóla og frístundastarfi borgarinnar og reyndar um heimsbyggð alla. Slíkt ástand kallar á að beitt sé óvenjulegum leiðum til að mæta þörfum foreldra og annarra aðstandenda barna í viðkvæmri stöðu. Þessi tillaga felur í sér að vegna þeirrar röskunar sem COVID-19 hefur valdið verði foreldrum gefinn kostur á að sækja um styttingu á sumarorlofstíma barna sinna í leikskólum. Útfærslan verður með þeim hætti að nýtt verða þau tæplega 500 rými sem eru laus til ráðstöfunar á þeim sex leikskólum sem taka þátt í verkefninu um sumaropnun leikskóla. Málið verður nú sent til borgarráðs í flýtimeðferð þar sem stefnt er að afgreiðslu n.k. fimmtudag svo opna megi fyrir umsóknir foreldra fram til 24. maí næstkomandi.

Virðingarfyllst



Helgi Grímsson

sviðstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:

Tillaga og greinargerð

Jafnréttisskimun, dags. 8.maí 2020

Umsóknareyðublað

Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna um frávík frá reglunni um að hvert leikskólabarn taki 20 virka daga í sumarleyfi, sumarið 2020

Lagt er til að sumarið 2020 verði heimilt að víkja frá reglum um leikskólaþjónustu um að barn verði að vera að lágmarki í tuttugu virka daga í sumarleyfi. Foreldrum/forsjáraðilum barna, í leikskólum Reykjavíkurborgar, sem vegna skerðingar á leikskólaþjónustu í samkomubanni vegna Covid-19 á tímabilinu 16. mars til 30. apríl, þurftu að ganga á orlofsdaga sína og eiga af þeim sökum innan við 20 daga í sumarorlof gefist kostur á að sækja um fækkun sumarleyfisdaga leikskólabarns. Á sama tíma geti þeir sótt um dvöl í hverfisleikskóla sem ákveðið hefur verið að hafa opinn í sumar. Hvert barn verður þó að fá að lágmarki 10 daga sumarleyfi á þeim tíma sem heimaleikskóli þess lokar vegna sumarleyfa. Framangreint gildir eingöngu fyrir sumarið 2020.

Skilyrði fyrir fækkun sumarleyfisdaga verði eftirfarandi:

- Foreldrar sækja um fækkun sumarleyfisdaga fyrir 25. maí 2020.
- Hvert barn þarf að lágmarki að fá 10 samfellda sumarleyfisdaga á sumarorlofstíma heimaleikskóla.
- Foreldrar geta sótt um 5-10 daga tilslökun á sumarleyfi barna í samræmi við töku orlofs þeirra á tímabilinu 16. mars til 30. apríl 2020.
- Við afgreiðslu umsókna verði horft til samanlagðrar orlofsstöðu foreldra/forsjáraðila barns og upplýsinga leikskóla um skerðingu á þjónustu. Ef foreldri fer eitt með forsjá á framangreint eingöngu við um forsjáforeldri.
- Sé umsókn samþykkt fær barnið dvöl í opnum hverfisleikskóla á þeim tíma sem heimaleikskóli barns lokar. Dvöl í opna leikskólanum þarf að lágmarki að vera 5 samfelldir dagar.
- Greiða þarf aukalega, samkvæmt gjaldskrá borgarinnar, fyrir þann tíma sem barn er í opnum hverfisleikskóla.

Greinargerð:

Í 5. og 6. mgr. í gr. 1.b í reglum um leikskólaþjónustu kemur eftirfarandi fram:

Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi.

Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla, hvort leikskólinn verði opinn allt sumarið eða loki samfellt í tíu virka daga til tuttugu virka daga.

Þessi önn í leikskólum borgarinnar hefur einkennst af fordæmalausum aðstæðum, fyrst vegna verkfalls Eflingar og síðan vegna takmarkana á leikskólastarfi í kjölfar Covid-19.

Ólíkt því sem gert var í nágrennaríkjum okkar héldu leikskólar þó uppi helmings starfsemi allan þann tíma sem samkomubann ríkti og hafa nú opnað að fullu þótt áfram gildi fjarlægðar- og fjöldatakmyrk á milli fullorðinna. Mörg börn hafa misst daga úr hefðbundnu starfi og þótt ekki sé hægt að líta á skerðingu skólastarfs eða sóttkví fjölskyldna sem sumarleyfi þar sem börn njóta hvíldar og gefandi samvasta við fjölskyldur sínar, þá kann þessi staða að hafa haft áhrif á orlofsstöðu einhverra foreldra fyrir sumarið. Erindi vegna þessa til fagskrifstofu eru þó afar fá

og einnig til leikskólastjóra samkvæmt samtölum við þá. Leikskólastjórar telja að í flestum tilfellum hafi vinnuveitendur sýnt foreldrum skilning og jafnframt er ólíklegt að báðir foreldrar barns hafi gengið á orlofsdaga sína á sama tíma með þeim hætti að þeir eigi innan við fjögurra vikna orlof samtals. Þetta hefur þó ekki verið kannað.

Umsóknarfrestur foreldra vegna sumaropnunar leikskóla rann út 15. apríl s.l. og umsóknir eru samtals 126. Ljóst er að leikskólarnir sex sem verða opnir sumarið 2020 hafa bolmagn til að taka á móti umtalsvert fleiri börnum en samtals gætu þeir tekið á móti 580 börnum. Fjöldaviðmið þeirra og umsóknir í sumaropnun eru sem hér segir:

Leikskólar sem verða opnir	Fjöldaviðmið fyrir leikskólann	Fjöldi barna úr öðrum leikskólum	Fjöldi barna innan leikskólans	Fjöldi barna í sumaropnun
Bakkaborg	105	111	11	22
Bjartahlíð	126	6	7	13
Drafnarsteinn	117	10	7	17
Lyngheimar	75	11	10	21
Rofaborg	98	1	35	36
Vinagerði	60	10	7	17
Samtals	581	49	77	126

Í fjárhagsáætlun skóla- og frístundsviðs vegna ársins 2020 er gert ráð fyrir kostnaði að fjárhæð 34 m.kr. Á árinu 2019 voru einnig áætlaðar 34 m.kr. í verkefnið en raunkostnaður var hins vegar mun lægri vegna dræmrar þátttöku eða um 22,5 m.kr. Reiknað var með að aðsóknin yrði meiri á árinu 2020 og því ákveðið að fylgja áætlun ársins á undan en ekki endurreikna hana til hækunar. Forsendur áætlaðs kostnaðar 2019 voru þessar:

- Frá hverjum leikskóla sem lokaði 2019 en sendi börn í opna leikskólann kom 1 starfsmaður með börnunum og dvaldi í leikskólanum með þeim á meðan þau dvöldu þar. Þar sem ekki fóru nema örfá börn frá hverum leikskóla inn í þjónustuna var margt umframstarfsfólk inni í opnuninni. Nú er hins vegar áætlað að opni leikskólinn ráði inn starfsfólk í verkefnið. Starfsfólk frá heimaleikskóla barnanna sem fara í þjónustuna munu hins vegar einungis fylgja þeim í eins konar aðlögun fyrstu 2-3 dagana.
- Opni leikskólinn hélt árið 2019 ígildi tveggja deildarstjóra (þ.e. reiknað var með að hver opinn leikskóli hefði tvær deildir opnar eina yngri og aðra eldri) og einni afleysingastöðu en ekki var reiknað með frekari afleysingu, hvorki vegna veikinda né undirbúnings. Annað starfsfólk kom frá leikskólunum sem höfðu opið en nú er reiknað með að opni leikskólinn skipuleggi starfsmannahaldið út frá eftirspurninni og því verður ekki eins mikið um yfirmönnun miðað við barnafjölda.
- Árið 2019 voru reiknaðar 10 TV-einingar (hver eining er 11.000 kr) á leikskólastjóra opnu leikskólanna vegna vinnu við verkefnið. Aðstoðarleikskólastjórar tóku vaktina á móti leikskólastjóra svo hann kæmist í eitthvert orlof og því myndi leikskólaskrifstofa vilja sjá að þeir fengu einnig TV-einingar vegna verkefnisins í ár.

Tillagan um tilslökun á reglunni um lágmark tuttugu daga sumarleyfi leikskólabarna felur í sér að full starfsemi gæti orðið í sex opnum leikskólum í allt sumar. Það kallar á fulla afleysingu vegna fastra starfsmanna og því yrði þá farið í að ráða afleysingafólk í þau störf. Það felur í sér fjölgun á sumarstörfum og yrðu þá námsmenn sérstaklega hafðir í huga enda ljóst að mikið atvinnuleysi verður í þeim hópi í sumar.

Þess ber að geta að leikskólastjórnir sex sem verða með opið í sumar tóku mjög jákvætt í verkefnið þegar það var kynnt lauslega fyrir þeim 5. maí s.l. að tillaga í þessa veruna væri til skoðunar hjá kjörnum fulltrúum. Þeir eru allir með margar umsóknir á borðinu um sumarstörf og vilja gjarnan geta gengið fljótt í ráðningar ef af verður.

Eins og fram kemur hér að ofan tekur leikskólinn Vinagerði fæst börn af þeim leikskólum sem verða opnir í sumar. Vinagerði er ætlað að svara þörf foreldra fyrir aukið svigrúm um orlofstíma í Laugardals- og Háaleitishverfi sem er einn stærsti borgarhlutinn og því gæti verið nauðsynlegt að leita til annars leikskóla t.d. norðan Miklubrautar um sumaropnun ef umsóknir um skemmrá sumarleifi barna yrðu margar. Kostnaðaráætlun tekur ekki til þess að skólum yrði fjölgað.

Fjárhagsleg áhrif

Áætlaður heildarkostnaður er 120 m.kr. Í ramma eru 34 m.kr. vegna sumaropnunar svo nettó viðbótarkostnaður væri gróflega ca 90 -100 m.kr. Inn í kostnaðarmat hafa verið reiknaðar tekjur upp á 13 m.kr. Þannig er gert ráð fyrir viðbótargjöldum foreldra vegna þjónustunnar enda fengu þeir niðurfellingu gjalda vegna skerðingarinnar og gjaldskrá leikskóla gerir ráð fyrir 11 mánaða þjónustu en ekki 12 mánaða. Dæmi um viðbótargjöld foreldrar samkvæmt gjaldskrá borgarinnar væri 8 tíma dvöl í 1 viku í 1. flokki kr.6.654 og 4.422 kr. vegna barns í 2. flokki í 8 tíma.

Ekki er gert ráð fyrir áætluðum viðbótarkostnaði að fjárhæð 90 til 100m.kr. í fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs vegna ársins 2020.



Númer skjals:	FÁST-EBL-029
Skjalalýkill:	02.01 Fjárhagsáætlun
Útgáfa:	2
Útgáfudags:	19.02.2020
Síðast rýnt / næst rýnt:	19.02.2020 / 19.02.2021
Ábyrgðarmaður:	Skrifstofustjóri áætlana og uppgjörs

FÁST-EBL-029 Jafnréttisskimun

Tilgangur jafnréttisskimmunar:

Með jafnréttisskimun er tekið saman með einföldum hætti mat á áhrifum tillögunnar/verkefnisins á jafnrétti kynjanna og/eða jaðarsetta hópa í samræmi við verklag Reykjavíkurborgar um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun. Jafnréttisskimunin styður við ákvarðanatöku stjórnenda og kjörinna fulltrúa og forgangsroðun um ráðstöfun fjármuna. Fá tillagan áframhaldandi brautargengi, er gert ráð fyrir að hún fari í jafnréttismat hafi hún jafnréttisáhrif.

Upplýsingar um verkefnið/tillöguna:

Dagsetning:	8.5.2020
Svið:	Skóla- og frístundasvið
Unnið af:	Leikskólaskrifstofa
Verkefni/tillaga:	Tillaga um frávík frá reglunni um að hvert leikskólabarn taki 20 virka daga í sumarleyfi, sumarið 2020.
Þjónustubáttur:	Leikskólaþjónusta
Stofnun/kostn.st.:	
Fjárhæð:	90-100 m.kr
Annað:	

Jafnréttisskimun:

Hver er tillagan og hvert er markmið hennar?
Lagt er til að sumarið 2020 verði heimilt að víkja frá reglum um leikskólaþjónustu vegna leikskóla Reykjavíkurborgar um að barn verði að vera að lágmarki í tuttugu virka daga í sumarleyfi. Foreldrum/forsjáraðilum barna í leikskólum Reykjavíkurborgar sem, vegna skerðingar á leikskólaþjónustu vegna Covid-19, þurftu að ganga á orlofsdaga sína og eiga af þeim sökum innan við 20 daga í sumarorlof gefist kostur á að sækja um fækkun sumarleyfis daga leikskólabarns. Á sama tíma geti þeir sótt um dvöl í hverfisleikskóla sem ákveðið hefur verið að hafa opinn í sumar. Hvert barn verður þó að fá að lágmarki 5 daga sumarleyfi á þeim tíma sem heimaleikskóli þess lokar vegna sumarleyfa. Framangreint gildir eingöngu fyrir sumarið 2020.
Hefur verið hugað að aðgerðum við undirbúning tillögunnar til þess að stuðla að jafnrétti? Ef já, lýsið.
Nei
Hverjir eru markhópar tillögunnar? Beðið er um kyngreindar upplýsingar.
Tillögunni er ætlað að mæta þörfum foreldra í leikskólum Reykjavíkurborgar sem vegna skerðingar á starfsemi leikskóla af völdum Covid-19 neyddust til að ganga á orlofsdaga sína og hafa ekki tök á að taka 20 sumarleyfis daga með leikskólabörnum sínum óháð kyni foreldra.
Hvernig hefur tillagan áhrif á stöðu kynjanna og jaðarsetta hópa? Rökstyðjið.
Á ekki við
Er talin vera þörf á jafnréttismati á tillögunni?¹

¹ Jafnréttismat felur í sér ítarlega kortlagningu á stöðu kynjanna og jaðarsettra hópa á viðkomandi sviði og greiningu á því hvernig tillagan getur aukið jafnrétti og/eða tryggt réttindi þeirra. Jafnréttismat tekur mið af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10 frá 2008 og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum samþykktum í borgarstjórn 20. október 2009.

Nei



Í Reglum Reykjavíkurborgar um leikskólaþjónustu segir í lið 1.b. *börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi*. Vegna aðstæðna sem sköpuðust í kjölfar Covid-19 faraldurs var í borgarráði samþykkt tillaga um að veita tilslökun á þessari reglu á sumarleyfistímabilinu 15.5.2020 til 15.09.2020 að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

Tillagan hljómar svo:

Lagt er til að sumarið 2020 verði heimilt að víkja frá reglum um leikskólaþjónustu um að barn verði að vera að lágmarki í tuttugu virka daga í sumarleyfi. Foreldrum/forsjáraðilum barna, í leikskólum Reykjavíkurborgar, sem vegna skerðingar á leikskólaþjónustu í samkomubanni vegna Covid-19 á tímabilinu 16. mars til 30. apríl, þurftu að ganga á orlofsdaga sína og eiga af þeim sökum innan við 20 daga í sumarorlof gefist kostur á að sækja um fækkun sumarleyfisdaga leikskólabarns. Á sama tíma geti þeir sótt um dvöl í hverfisleikskóla sem ákveðið hefur verið að hafa opinn í sumar. Hvert barn verður þó að fá að lágmarki 10 daga sumarleyfi á þeim tíma sem heimaleikskóli þess lokar vegna sumarleyfa. Framangreint gildir eingöngu fyrir sumarið 2020.

Skilyrði fyrir fækkun sumarleyfisdaga verði eftirfarandi:

- Foreldrar/forsjáraðilag sækja um fækkun sumarleyfisdaga. Umsóknarfrestur er til og með 25. maí 2020..
- Hvert barn þarf að lágmarki að fá 10 samfellda sumarleyfisdaga á sumarorlofstíma heimaleikskóla.
- Foreldrar geta sótt um 5-10 daga tilslökun á sumarleyfi barna í samræmi við töku orlofs þeirra á tímabilinu 16. mars til 30. apríl 2020.
- Við afgreiðslu umsókna verði horft til samanlagðrar orlofsstöðu foreldra/forsjáraðila barns og upplýsinga leikskóla um skerðingu á þjónustu. Ef foreldri fer eitt með forsjá á framangreint eingöngu við um forsjáforeldri.
- Sé umsókn samþykkt fær barnið dvöl í opnum hverfisleikskóla á þeim tíma sem heimaleikskóli barns lokar. Dvöl í opna leikskólanum þarf að lágmarki að vera 5 samfelldir dagar.
- Greiða þarf aukalega, samkvæmt gjaldskrá borgarinnar, fyrir þann tíma sem barn er í opnum hverfisleikskóla.

Umsókn auk upplýsinga leikskóla um skerta þjónustu verða varðveittar í skjalavistunarkerfi skóla- og frístundasviðs og fara þaðan til varanlegrar vistunar í Borgarskjalasafn til samræmis við lög um opinber skjalasöfn nr. 77/2014.

Í sumar verða sex leikskólar opnir þ.e. einn í hverjum borgarhluta. Þetta eru leikskólarnir:

- Bakkaborg fyrir Breiðholt,
- Bjartahlíð fyrir Miðborg/Hlíðar,
- Rofaborg fyrir Árbæ/Grafarholt,
- Lyngheimar fyrir Grafarvog/Kjalarnes,
- Vinagerði fyrir Laugardal/Háleiti,
- Drafnarsteinn fyrir Vesturbæ.

Foreldrar sem uppfylla skilyrði um fækkun á sumarleyfisdögum geta sótt um dvöl í opnum leikskóla í viðkomandi borgarhluta.



Nafn foreldris/forsjáraðila 1	Kennitala
Heimilisfang	Póstnúmer
Nafn foreldris/forsjáraðila 2	Kennitala
Heimilisfang	Póstnúmer
Nafn barns	Kennitala
Leikskóli	Opinn hverfisleikskóli

Sótt er um _____ daga fækkun sumarleyfisdaga

Fjöldi daga sem foreldri/forsjáraðili 1 hefur tekið vegna skerðingar á þjónustu leikskóla á tímabilinu 16.3. til 30.4. eru _____ dagar. Orlofsstaða foreldris/forsjáraðila 1 fyrir sumarið 2020 er _____ dagar.

Fjöldi daga sem foreldri/forsjáraðila 2 hefur tekið vegna skerðingar á þjónustu leikskóla á tímabilinu 16.3. til 30.4. eru _____ dagar. Orlofsstaða foreldris/forsjáraðila 2 fyrir sumarið 2020 er _____ dagar

Sótt er um í opnum hverfisleikskóla frá og með _____ til og með _____

Barnið mun taka sumarleyfi frá og með _____ til og með _____, samtals _____ daga.

Með því að senda umsóknina og haka í meðfylgjandi reit staðfesti ég að ég hef fengið afhentar upplýsingar um skilyrði fyrir fækkun sumarleyfisdaga.

Umsóknarfrestur er til og með 25. maí 2020 og skal sendast á netfangið umsokn.styttingsumarleyfis@reykjavik.is

Vinsamlegast setið nafn heimaleikskóla og barns í efnislínu þegar umsókn er send inn.